

Skipulagsráð Kópavogs
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

25. maí 2022

Athugasemdir vegna kynningar á byggingarleyfisumsókn fyrir Melgerði 11, dags 2. maí 2022.

Vegna þessarar byggingarleyfisumsóknar, gerum við í Melgerði 9, sem næstu nágrannar, eftirfarandi athugasemdir:

1 Núverandi húsi er ekki rétt lýst á uppdrætti

- a) Bílskúr hefur verið breytt í íbúð. (Verður það fært til fyrri vegar ?)
- b) Húsinu hefur verið skipt upp í sjálfstæðar íbúðir, amk. tvær ef ekki fleiri.
- c) Svalir hafa verið fjarlægðar af húsinu.
- d) Núverandi bílastæði á lóðinni er aðeins eitt.

2 Bílastæði

Skorað er á byggingaryfirvöld að fylgja því eftir að bílastæði verði byggð eins og teikning gerir ráð fyrir.

3 Sorptunnur

Skorað er á byggingaryfirvöld að fylgja því eftir að sorpgeymslur verði byggðar eins og teikning gerir ráð fyrir.

Vegna fjölda íbúa í húsinu þá eru ekki nægar sorptunnur, þær eru staðsettar framarlega við lóðarmörk og fyllast reglulega, þannig að rusl fýkur auðveldlega yfir á lóð nr. 9.



Miðað við notkun hússins undanfarið, þá sýnist okkur, að viðbyggingin verði gerð að tveimur litlum íbúðum, til að geta hýst fleira fólk.

Virðingarfyllt

Hermann Hermannsson
Hermann Hermannsson

Sigríður Guðmundsdóttir

Sigríður Guðmundsdóttir